

lega ástæðu til að áætla honum skaðabætur fyrir töfina er af árekstrinum hlaust.

Samkvæmt þessu verða það þá aðeins bætur fyrir skemdirnar á skipunum samkvæmt mati, sem rjetturinn álitur að greiða eigi, en þær eru kr. 3700,00 hjá b/v. „Otur“ og kr. 8500,00 hjá b/v. „Senator Westphal“ eða samtals kr. 12200,00 hjá báðum skipunum, er rjetturinn telur rjett, að skiftist þannig, að b/v. „Otur“ beri $\frac{1}{3}$ hluta skaðans, en b/v. „Senator Westphal“ $\frac{2}{3}$ hluta skaðans, og ber aðalstefnanda samkvæmt því að greiða gagnstefnanda kr. 366,67 en að öðru leyti eiga aðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum.

Kyrsetningargjörð sú er fram fór 2. okt. f. á. á b/v. „Senator Westphal“ skal feld úr gildi.

Málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 14. nóv. 1927.

Nr. 54/1927.

Valdstjórnin (Svb. Jónsson)
gegn

Bjarna Finnbogasyni (B. P. Kalman).

Brot á áfengislöggjöfnni.

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðar 6. sept. 1926: Kærður Bjarni Finnbogason greiði í sekt í ríkissjóð 600 kr., en verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa komi í hennar stað 30 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi sje upptækt og eigu ríkissjóðs.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu er rannsókn málsins af hendi hjeraðs-dómarans allófullkomin, en sjerstaklega að því leyti að styrkleiki spiritusblöndu þeirrar, er fanst á flösku í ofni í veitingastofu kærða, var ekki mældur. En þar sem kærði hefir játað, að »spiritusblanda« hafi verið í flöskunni og vitni hafa borið, að þau hafi fundið það á lykt vökvans að svo hafi verið, og eitt vitni, sem

bragðaði á vökvanum, hefir vottað hið sama, má gera ráð fyrir, að blandan hafi verið með venjulegum styrkleika og a. m. k. yfir $2\frac{1}{4}\%$. Og þar sem ekkert verulegt er framkomið um það, hvorki í hjeraði nje við síðari ítarlegar rannsóknir, er farið hafa fram í málinu bæði í Reykjavík og á Siglufirði, að tilhlutun verjanda og sækjanda fyrir hæstarjetti, er geri það sennilegt að kærði hafi verið kominn löglega að áfengi því, er fanst í vörslum hans, þá verður ekki komist hjá því að dæma hann sekan um brot á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15, 1925. En með því að ekki er ástæða til að ætla, að kærði hafi ætlað áfengi þetta til sölu eða veitinga, fer um refsingu fyrir brotið samkv. 2. tölul. 13. gr.

Kærði hefir sjálfur kannast við það, að hann hafi rekið kaffihúshald á Siglufirði á 5. dag, án þess að hafa aflað til þess lögmæltis leyfis. Auk þess er það sannað, að gestir hafa komið á veitingastofu hans með lögleyft áfengi og bæði hann og þeir neytt slíks áfengis þar. Verður því og að dæma kærða sekan um brot á 15. gr. laga nr. 21/1926.

Að því athuguðu að refsar verður kærða fyrir þetta brot á áfengisbannlögunum sem fyrir fyrsta brot á þeim, þar sem það átti sjer stað áður en kærði var dæmdur í 400 króna sekt þá, sem ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, og að síðarnefnda brotið er fremur smávægilegt, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku spiritusblöndunnar er ekki að ræða, þar sem flaskan og innihald hennar hefir glatast.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar í hjeraði m. a.

25 kr. varnarlaun til skipaðs verjanda hans þar, svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti og eru þau ákveðin 120 kr. til hvors.

Auk þess, sem áður getur um meðferð málsins í hjerði, er það aðfinsluvert, að fallið hefir úr dómsorðinu ákvæði um skyldu kærða til að greiða málskostnað í hjerði.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Bjarni Finnbogason, sæti 200 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan sakarkostnað í hjerði, þar með talin 25 kr. varnarlaun til skipaðs verjanda síns Alfons cand. juris Jónssonar. Og enn greiði kærði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Björns P. Kalman, 120 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Bjarna Finnbogasynt fyrir brot á lögum nr. 21/1926 og lögum nr. 14/1925.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Kærður leigir herbergi til veitinga í húsi á Siglufirði og byrjar þar veitingar 31. júlí s.l. og heldur þeim til 4. ágúst, að lögreglan skarst í leikinn og bannar framhald veitinganna, þar eð kærður hafi ekkert leyfi til þess fengið. Kveðst kærður hafa selt

veitingar fyrir alle um 100 kr. Einnig faust 3ja pela flaska með ca. $\frac{2}{3}$ af blönduðum spiritus í ofni í veitingastofu kærðs og þá faust líka kanna undan blönduðum spiritus. Að því er flöskuna snertir þá viðurkennir kærður að blandaður spiritus muni verið hafa í flöskunni, en hann heldur því fram, að hann hafi ekki hugmynd um þessa flösku. Einhver hafi án sinnar vitundar sett flöskuna inn í ofninn. Á þetta verður eigi fallist. Flaskan verður að teljast hafa fundist í vörslum kærðs, án þess að hann hafi gert grein fyrir áfenginu og ber því samkvæmt 11. gr. aðflutningsbannlaganna, að skoðast brotlegur gegn 1. gr.

Einnig faust hjá kærðum kanna undan spiritusblöndu. Kærði hefir að vísu neitað, að kannan hafi verið undan spiritusblöndu, en 2 vitni hafa eiðfest, að kannan hafi lyktað af spiritus eins og flaskan. Verður þetta brot því að heimfæra á sama hátt og flöskuna samkvæmt fyrsögðu.

Brot kærðs, sem áður hefir sætt 3×5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir brot gegn 253. gr. refsilaganna og 400 kr. sekt í ríkissjóð fyrir brot á lögum nr. 15/1925, 1. gr. sbr. 13. og 18. gr., heyrir að áliti dómarsins undir 15. gr. laga nr. 21/1926 og 1. gr. laga nr. 15/1925 sbr. 11. gr. sömu laga og þykir refsingin hæfileg 600 kr. sekt í ríkissjóð, en verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa, komi í stað hennar 30 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferðin vítalaus.

Svo greiði og kærði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað og málskostnaðarlaun til Alfons Jónssonar með 10 kr.

Föstudaginn 18. nóv. 1927.

Nr. 52/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Martin Gindúllis (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. mars 1927: Kærði Martin Gindúllis á strax að greiða 12500 króna